

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 48/2010 um Tollskóla ríkisins og ráðningu, setningu og skipun í störf við tollendurskoðun og tollgæslu.

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Hafa lokið að lágmarki stúdentsprófi, þ.e. 140 einingum, eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 193. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 13. janúar 2012.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Jóhann Árnason.